Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Ulf Jónsson

Bjarni Benediktsson – Ulf Jónsson

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-6, Örk 7

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

9/5 - 1940

Kæri Bjarni!

Mjer datt í hug að senda þjer fáeinar línur til þess að láta þig vita, hvernig líðanin er hjá mjer og mínum. Jeg hef nú unnið hjer við Ljósafoss í rúmlega hálft ár, og jeg held að mjer sje óhætt að fullyrða, að þetta hafi allt gengið vel hingað til. Jeg hef unnið úti og inni það, sem mjer hefir verið sagt að vinna eftir því sem jeg hef best getað, jeg hef reynt að vera stundvís og samviskusamur og jeg veit ekki betur en að mínir yfirboðarar hjer sjeu sæmilega ánægðir. Þeir hafa allir, bæði Ágúst Guðmundsson, sem mjer hefir líkað alveg prýðilega við, einnig sem minn p.t. fjárhaldsmann, og vjelstjórarnir hjer, verið vingjarnlegir og almennilegir og þú mátt trúa því, að jeg hef eiginlega aldrei fyr verið jafn ánægður og þetta síðasta hálfa ár, bæði fyrir mína hönd og konu og barna.

Jeg mun áreiðanlega alla tíð vera þjer mjög þakklátur fyrir þann mikla þátt, sem þú áttir í því, að þessi tilraun var gerð, og jeg efast ekki um, að þjer þyki vænt um að hún virðist muni heppnast, þannig að jeg fái að vera hjer áfram eða jafnvel með tíð og tíma geti unnið mig eitthvað upp.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg hef í allan vetur labbað fram og tilbaka kvölds og morgna og engann dagur fallið úr hjá mjer, nema 2 óveðurs-dagar í Febrúar, þegar ekki varð komist á milli vegna veðurs; annars hef jeg yfirleitt verið heppinn bæði með veður og færð.

Jeg vil svo að síðustu enn einu sinni þakka þjer fyrir það, sem þú gerðir fyrir okkur og fullvissa þig um að jeg muni ekki bjetan af bregðast trausti þínu.

Með bestu kveðjum
þinn
Ulf.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur